

Umhverfishópar í Garðabæ 2022

sumarvinna ungs fólks



Brynjar Snær Arnarsson
Yfirflokkstjóri
Umhverfishópa

INNGANGUR	2
UNDIRBÚNINGUR	3
RÁÐNINGAR	3
VERKFÆRI	3
AÐSTOÐARMENN	4
FRÆÐSLUDAGUR	5
VINNUTILHÖGUN	6
SAMANTEKT HELSTU VERKEFNA	7
UMHIRÐA GRÓÐURBEÐA	7
HEYRAKSTUR OG HIRÐING	8
SUMARBLÓM	9
VIÐHALD STÍGA	10
PÖKULÖGN	11
MÁLNINGARVINNA	11
SÉRSTÖK VERKEFNI	12
<i>Heiðmörk - Gróðursetning</i>	12
<i>Heiðmörk - Landgræðsla</i>	14
<i>Greni í Smalaholti</i>	15
<i>Hellur Sjálandsskóla</i>	16
<i>Grjót hreinsa</i>	17
<i>Sjálandshátíð</i>	18
FRAMLENGING FLOKKSTJÓRA	19
FYRRI HLUTI FRAMLENGINGAR – FJÖLBREYTT VERKEFNI	19
SEINNI HLUTI FRAMLENGINGAR – VINNUSKÓLI BÆTIST VIÐ	22
VIÐAUKI	24
ÝMIS VERKEFNI SEM ÉG HEF KOMIÐ AÐ Á EINN EÐA ANNAN HÁTT	25
<i>Ágengar tegundir - kerfill, lúpína, njóli og bjarnarkló</i>	25
<i>Bekkir Sandahlíð</i>	26
<i>Hreiðurstæði fyrir flórgoðann á Vífilsstaðavatni</i>	27
LOFTMYNDIR	29
TÍMAR Á VERK	34
FRAMTÍÐARSÝN SUMARSTARFA	35
LOKAORÐ	36

Skýrsla þessi fjallar um starfsemi umhverfishópa (áður nefnt sumarátak) sem hafa núna verið starfræktir fjórtán sumur í röð og var þetta þriðja sumarið sem ég hafði umsjón með hópunum. Í skýrslunni verður farið yfir undirbúninginn sem fór fram áður en hóparnir tóku til starfa og þá vinnuferla sem ég vill vinna út frá. Farið verður yfir helstu verkefni sem hóparnir voru að starfa við í sumar og sérstök verkefni sem komu upp þetta sumarið. Síðan verður farið yfir hvað flokkstjórar gerðu á framlengingartímanum. Þetta árið voru flokkstjórar frá vinnuskólanum settir undir mig í framlengunni. Meðfylgjandi eru viðaukar um ýmis verkefni sem skýrsluhöfundur hefur komið að á einn eða annan hátt. Tekin var saman tölfræði yfir hvernig hversu miklum tíma hóparnir eyddu í hvaða verk. Sýndar verða loftmyndir af ýmsum svæðum innan Garðabæjar þar sem gefin verður innsýn yfir hversu vítt og dreift umhverfishópa fara. Að lokum mun framtíðarsýn skýrsluhöfundar fyrir umhverfishópa vera lögð fram.

Eins og fyrri ár var stefnan hjá Garðabæ að öll ungmenni sem sóttu um sumarstörf hjá bænum sem voru á aldrinum 17-25 ára og væru með lögheimili í Garðabæ myndu fá boð um vinnu. Þar sem ástandið í þjóðfélaginu var búið að jafna sig ákvað ríkið ekki að halda áfram að veita fjármagn til Garðabæjar svo að bærinn gæti staðið undir þeirri stefni en það hafði þó ekki áhrif, allavega ekki svo að ég væri var við það.

Ráðningar

Sumarstörf hjá Garðabæ voru auglýst á ráðningarvef bæjarins, Garðapóstinum, Fréttablaðinu og á síðu bæjarins á Facebook. Opnað var fyrir umsóknir 1. febrúar á ráðningarvef www.gardabaer.is með umsóknarfrest til 7. mars. Eftir að umsóknarfresti til sumarstarfa lauk var hægt að sækja um að komast á biðlista eftir sumarvinnu en þá var ekki hægt að óska eftir sérstökum störfum. Eins og áður hefur komið fram var bæjarráð með sömu stefnu og seinustu ár með að öll ungmenni á aldrinum 17-25 ára sem sóttu um starf hjá Garðabæ væru boðin vinna hjá bænum.

Ég hóf störf strax eftir páska við undirbúning en þó aðeins á tímavinnusamning þar sem ég var enn þá í háskólanum. Þar sem þetta var þriðja sumarið í starfinu var mikil reynsla sem nýttist frá fyrri sumrum þegar kom að því að undirbúa sumarið. Sem dæmi hafði ég betri tengst við starfsmannahóp bæjarins og utanaðkomandi aðilum sem gott var að vera í samstarfi við varðandi verkefni o.fl. Einfaldara var einnig að gera lengri og nákmvæmari áætlanir svo allur mannskapurinn gæti nýst sem best.

Hafist var handa við að leita að hentugum flokkstjórum fyrir sumarið. Út frá þeim upplýsingum sem ég hafði aflað mér og reynslunni minni, gerði ég áætlanir að um 50 ungmenni mundu mæta til vinnu þetta sumarið. Markmiðið var svo að skipta þeim niður í 12 manna hópá sem þýddi að ráða þyrfti inn um 4 flokkstjóra til að stýra hópunum. Hafa ber einnig í huga að á meðan ráðningar stóðu yfir var hópurinn sem þurfti að skipta niður í vinnuhópa og þarfnaðist flokkstjóra alltaf að breytast. Þegar að fyrstu atvinnuumsóknir bárust voru um 30 manns í umhverfishópum, þar ofan á bættust við þeir sem voru á biðlista. Einnig bættust við þeir sem höfðu ekki sótt um starf en Garðabær tók þá ákvörðun og þeir fengu vinnu í umhverfishópum.

Verkfæri

Til að hóparnir geti unnið sín verk á skilvirkan hátt þurfa verkfæri og aðstaða að vera í lagi. Farið var yfir öll þau verkfæri sem voru til, þar sem mikil minnkun hefur verið í hópnum frá fyrri sumrum þurfti ekki að panta nein verkfæri. Til þess að verkfæri væru alltaf í göngufæri við alla helstu verkstaði sumarsins var gámum ásamt verkfæraskúr komið fyrir á lykilstaðsetningum. Fengu hóparnir einnig að nýta nýju útivistarmiðstöð skátanna við Grunnuvötn í Heiðmörk þegar farið var í átaksverkefni í samstarfi við Skógræktarfélag Reykjavíkur (sjá meira á bls 12 og 14). Þetta var gert svo að ekki þyrfti að keyra með og ná í verkfærin daglega þar sem verkfærum á alltaf að vera skilað í lok hvers vinnudags, einnig til þess að hópar gætu byrjað strax að vinna og þurftu ekki að bíða eftir verkfærum.

Staðsetning verkfærageymsla:

- Gámur fyrir aftan Garðatorg
- Gámur á bílaplani við Fjölbrautarskóla Garðabæjar
- Verkfæraskúr og salernisaðstaða við Vífilsstaðavatn
- Geymsluaðstaða fyrir verkfæri var á svæði þjónustumiðstöðvar Garðabæjar
- Útivistarmiðstöð við Grunnuvötn í Heiðmörk

Aðstoðarmenn

Til að ég gæti verið með yfirsýn yfir verkefni og hópa og náð að sinna og verkstýra öllu óska ég eftir því að vera með auka pallbíll á leigju og aðstoðarmann. Það er mér mjög mikilvægt og er reynslan sú að allt gengur mikið betur fyrir sig. Við getum verið meira sveigjanlegri þegar kemur sammþykkja verkefni sem við getum tekið að okkur, viðbragstími er mikið styttri á verkefnum sem koma með engum fyrirvara og í heildina eru fleiri verkefni tekin yfir sumarið með minni hjálp frá utanaðkomandi aðilum, t.d. varðandi málningarvinnu, tyrfingu og með hirðingu á hrúgum sem umhverfishópar sáu alfarið um nema í undantekningaratvikum.

Þetta sumarið var enginn breyting á og óskaði ég eftir því að halda áfram með þá góðu verkferla sem ég þróaði yfir tvö síðastu sumur og fékk það. Andri Már Kristjánsson varð fyrir valinu sem bílstjóri umhverfishópa þar sem hann var reyndur flokkstjóri í umhverfishópum og átti að vera hægri hönd yfirflokkestjóra á verkstöðum. Þau verkefni sem Andri sá alltaf um var að vinnuhóparnir væru ávallt með verkfæri, hrúgur yrðu fjarlægðar og gámar væru opnaðir og læstir í byrjun og lok dags. Ég réð svo Hönnu Árný Ólafsdóttir til að hjálpa mér með bókhaldshliðina og vera með mér í skipulagshliðinni. Hennar almennu verkefni voru að skrá mætingu og veikindi sumarstarfsmanna inn í launakerfið og sjá um ýmis tilfallandi skrifstofustörf. Þegar komu upp veikindi hjá flokkstjórum hópanna skiptust Andri og Hanna á að taka við þeim hópi. Þar sem hóparnir enduðu á að vera mikið stærri en ég stefndi að, sendi ég Andra oft í sérverkefni og tók hann þá starfsmenn úr hópunum til að hjálpa sér og minnka í almennu hópunum. Það skemmtilega við umhverfishópana er hversu fjölbreyttur og síbreytilegur vinnustaður þeir eru.



Mynd: Yfirflokkestjóri með öllum flokkstjórum umhverfishópa sumarið 2022.
Starfsmenn frá vinstri: Ég, Hanna Árný, Hákon Dagur, Benedikt, Andri Már og Baldvin Birnir

Fræðsludagur

Ég skipulagði fræðsludag fyrir flokkstjóra þann 27. maí og fékk leyfi til að nota þá frábæru aðstöðu sem fundarsalirnir á Garðatorgi 7 hafa uppá að bjóða. Með fræðslunni er markmiðið að undirbúa flokkstjóra betur fyrir starfið og horft til þess að reyna að þroska og gera fólk að almennt betri starfsmönnum. Námskeiðin voru öll þau sömu og voru sumarið áður en búið að gera margt af efninu hnitmiðara.

Ég byrjaði daginn á almennir kynningu á umhverfishópunum ásamt því að fara yfir helstu reglur og skyldur sem fylgdu því að starfa hjá Garðabæ. Eftir það fór Rúna Halldórsdóttir yfir helstu greiningar, hvernig best er að bregaðst við ákveðnum aðstæðum og almenn góð ráð. Eftir kaffi koma Auður Jóhannsdóttir deildastjóri kjaradeildar ásamt kjarafulltrúm til að fara helstu atriði, bæði fyrir þau og atriði varðandi krakkana sem væru að koma í sumar. Strax eftir kom Jóhanna kristín Jóhannsdóttir garðyrkjufræðingur frá Garðyrkjudeildinni og kenndi bestu handtökin þegar kemur að garðyrkjuvinnu. Hún fór einnig yfir hvað á ekki að gera og sýndi helstu verkfæri og gróður sem finnst í Garðabæ. Ég fylgdi eftir með mitt seinna erindi sem var að sýna helstu verkefni sem umhverfishópar koma að og fór yfir áætlun þessa sumars einnig reyndi ég að undirbúa þau fyrir fyrsta daginn þegar krakkarnir mundu mæta. Áður en farið var í mat mætti Rakeli Davíðsdóttir sálfræðing á vegum Vinnuverdar til að tala við hópinn um einelti á vinnustaðnum. Eftir mat kom svo Ólafur Ingi Grettisson skyndihjálparkennari og fyrverandi varðstjóri Slökkviliðsins á Höfuðborgarsvæðinu og fór yfir skyndihjál með hópnum. Þar með var dagsskránni lokið og mætti dagskráin ekki vera þéttari yfir ef þetta er aðeins einn dagur.

Auk flokkstjóra umhverfishópa fengu flokkstjórar úr frístund, garðyrkju- og slátturdeild leyfi til að mæta. Stefnan er alltaf að gera betur og stækka og stefnan núna er að fá að bæta við meiri fræðslu og mögulega teygja þetta yfir á 2 daga svo það sé ekki farið of hratt yfir og fólk geti meðtekið allt efnið og meiri einbeitingin haldist.



Mynd: Ólafur skyndihjálparkennari fer yfir viðbrögð á meðvitundarleysi

Vinnutilhögun

Vinnutími ungmenna:

- Fædd 2004 og fyrr unnu í 7 tíma á dag í 7 vikur
- Fædd 2005 unnu 6 tíma á dag í 6 vikur

Þetta árið byrjuðu allir hópar á sama tíma, miðvikudaginn 1. júní. Þó voru ungmenni að bætast við alveg fram í seinustu vikur. Samtals unnu 54 ungmenni í umhverfishópum sumarið 2022.

Vinnudagurinn byrjaði kl. 9:00 á morgnana á vinnusvæði þjónustumiðstöðvar Garðabæjar að Lyngási 18. Inn á vinnusvæði þjónustumiðstöðvarinnar var aðsetur umhverfishópa, með skrifstofu og fundarherbergi til fundarhalda.



Mynd: Aðstaða umhverfishópa við Lyngás 18

Vinnutími flokkstjóra var frá kl. 08:00 - 16:00. Mættu þeir á hverjum morgni til verkefnafundar í bækistöð umhverfishópa á vinnusvæði þjónustumiðstöðvarinnar, Lyngási 18. Farið var yfir gærdaginn og verkefni dagsins sem ég hafði undirbúið. Sá tími nýttist einnig til að ræða ýmis mál tengd vinnunni, taka saman verkfæri sem notuð yrðu yfir daginn og einnig voru agamál tekin fyrir sem komið höfðu upp og þurfti að leysa.

Ef flokksstjórar gáfu leyfi fyrir því og létu hópinn sinn sérstaklega vita af því mættu hóparnir stundum beint á verkstaði eða við verkfæragámana. Oft var það þegar hóparnir höfðu mætt áður á staðinn og vissu því hvar þeir áttu að mæta. Þeir hópar sem þurfti að flytja á verkstaði frá aðstöðunni við Lyngás voru fluttir með smárútu s.s. við Vífilsstaðavatn, í Heiðmörk, urriðaholt eða út á Álftanes til að nefna nokkra.

Samantekt helstu verkefna

Umhirða gróðurbeða

Trjáreitir á opnum svæðum í Urriðaholti voru í umsjá umhverfishópa. Trjábeðin í Urriðaholti eru í örum uppvexti og þarfnast mikils viðhalds. Enn þá er mikil uppbygging á svæðinu og bætast mun í hópinn fleiri svæði sem hugsa þarf um að hreinsa á næstu árum. Þetta er smá áhyggjuefni þar sem hverfið mun vera mjög mannaflafrekt.

Öll gróðurbeð í Sjálandshverfi voru hreinsuð. Umhirða gróðurbeða í Sjálandi er mjög umfangsmikil enda þéttleiki gróðurbeða þar mikill.

Þriðja árið í röð var farið í það að arfahreinsa og sanda svokallað „Bæhæ-beð“ sem liggur eftir Bæjarbrautinni fyrir neðan Hæðarhverfið. Þetta er eitt af ef ekki það stærsta af þeim beðum sem eru í Garðabæ svo verkefnið var mjög mannaflafrekt og tók sinn tíma að hreinsa allt beðið og sanda svo yfir það allt. Framtíðarsýnin er að skoða þann möguleika að setja trjácurl yfir allt beðið.

Vel er fylst með og reglulega farið og hreinsað gróðurbeðin í Bæjargarðinum. Svæðið er búið að fara í mikla uppbyggingu og er að verða með þeim flottari í bænum.

Fjölmörg fleiri gróðurbeð voru hreinsuð í bænum og kurluð eða sönduð en það væri of langt mál að telja þau öll upp hér.



Mynd: Arfahreinsun á beði hliðinná Tónlistarskólanum - Fyrir



Mynd: Arfahreinsun á beði hliðinná Tónlistarskólanum - Eftir



Mynd: Arfahreinsun á beði í Bæjargarðinum

Heyrakstur og hirðing

Þetta sumarið var heyrakstur og hirðing nokkuð umfangsmikið verkefni í samanburði við önnur verkefni. Með beiðni frá garðyrkjustjóra Garðabæjar sáu umhverfishóparnir um heyrakstur í bænum eftir sláttuhópa garðyrkjudeildar. Öllu grasi var komið fyrir á jarðgerðarsvæði til moltugerðar. Til að nefna nokkra staði þar sem umhverfishópar voru sendir má nefna Álftanes, Urriðaholt, Garðarholt og Nónhæð.



Mynd: Verið að raka nýslegið gras á Álftanesi

Sumarblóm

Þetta sumar þróaðist þannig að mikil aukning var í gróðursetningarverkefnum hjá umhverfishópum á sumarblómum. Mjög gott samstarf var við Jóhönnu garðyrkjufraeðing garðyrkjudeildar en hún sá um að panta blómin og allan undirbúning. Hún var svo í beinu sambandi við mig um hvar þurfti að koma niður blómum og var þá sendur hópur sem sá um verkið. Til að nefna nokkra staði þar sem gróðursett voru sumarblóm má nefna Garðartorg, Ásgarð, Sjáldshverfi og meðfram Vífilstaðavegi og Bæjarbrautinni.



Mynd: Verið að undirbúa gróðurkassana fyrir sumarblóm með því að hreinsa þá og setja áburð



Mynd: Búið að hreinsa og setja áburð



Mynd: Búið að gróðursetja sumarblómin

Viðhald stíga

Vífilsstaðavatn er eitt af þeim stöðum þar sem stöðugt þarf að viðhalda innviðum, umferð um vatnið hefur stórauðist seinustu ár. Ekki var talin þörf á að bera í stíginn á seinast sumri en sett var efni í allan stíginn sumrinu á undann. Núna var hins vegar ákveðið að bera aftur í allan stíginn en þar sem hóparnir voru ekki margir þetta árið var ákveðið að verkefnið mundi vera tekið með flokkstjórum í lok sumar og þá hægt að notast við vinnuvélar (sjá bls 22). Eitt af þeim verkefnum sem þarf alltaf að sinna er að grafa upp öll vatnsrör og hreinsa úr þeim og frá þeim áður en þau eru sett aftur niður. Þetta er gert svo að vatn renni í gegnum rörin en ekki yfir stíginn og taki með sér yfirborðsefni úr stígnum. Annað verkefni er að grafa upp eða brjóta niður með járnkarli allt grjót í stígnum sem stingst upp úr stígnum sem veldur hættu á því að fólk hrasir um það og meiði sig. Síðasta verkefnið sem umhverfishópar voru settir í á Vífilsstaðavatni var að uppræta ágengar tegundir í kringum vatnið, því miður er mikið af þessum tegundum innan friðlandsins. Markmið mitt var að koma á auðu svæði minnst fimm metrum upp fyrir stíg og alveg niður að vatni, það hefur náðst í kringum næstum allt vatnið.

Frábært samstarf hefur skapast við Skógræktarfélag Reykjavíkur eftir samskipti mín við Auði Kjartansdóttur framkvæmdarstjóra félagsins og verkefni síðasta sumars. Þetta sumarið var haldið áfram að rækta það samstarf með því að vinna saman að þremur stór skemmtilegum verkefnum upp í Heiðmörk. Gróðusetning (sjá bls 12), landgræðsla (sjá bls 14) og viðhald stíga. Byrjað var á stígaverkefninu og var það að halda áfram með endurbætur á göngustígnum sem byrjar við Elliðavatnsveg og liggur inn eftir allri Heiðmörkarhlíðinni, sem náðist ekki að klárast seinasta sumar. Efni var lagt í um 1,5 km af stígnum og er því núna hægt að segja að búið sé að leggja efni í nær allan stíginn sem liggurinn að Búrfellsgjá. Eins og áður var nefnt þá var þetta unnið í samstarfi við Skógræktarfélag Reykjavíkur. Þau útveguðu efni og verktaka sem keyrði því í stíginn, umhverfishópar dreifðu svo úr því og fóru með jarðvegsþjöppu yfir. Verkefnið gekk vel fyrir sig og var klárað á einni viku. Stefnt er að því að auka samstarfið enn frekar við Skógræktarfélagið og fara í fleiri verkefni saman á næsta sumri.



Mynd: Stígur - Fyrir



Mynd: Stígur – í vinnslu



Mynd: Stígur - Eftir

Þökulögn

Þökulagnir voru þó nokkuð umfangsmiklar hjá umhverfishópum seinnipart sumars. Þó verkefni hafi ekki verið stór miðvað við sumarið á undan, þá voru þau mörg og fjölbreytt. Til að nefna nokkur verkefni þá voru lagðar grasþökur meðfram bílastæðum við Bæjargarðinn, á opnum svæðum við Njarðargrund, Birkihæð, Laufás og Akrahverfi. Einnig var tyrft við skólalóðir eins og við Flataskóla, Sjálandsskóla og Hofstaðaskóli.

Málningarvinna

Það er skýr vilji minn að umhverfishópar taka að sér málningarverkefni frá smíðadeildinni á sumrin. Þar sem málningarvinna krefst þessa að vandað sé til verka og að vel sé gengið frá, virkar ekki að hafa stóra hóp í því eins og umhverfishópar eru yfirleitt. Þetta árið var enginn undan teknin og voru allir hópar fullir með 18 krökkum í hverjum hóp. Til þess að allt gangi sómsasamlega fyrir sig þarf ég fleiri flokkstjóra til þess að minnka almennt í hópunum eða hafa sérstakann flokkstjóra sem er aðeins með lítinn hóp allt sumarið. Einnig er engin almennileg málningaraðstaða til þar sem núna er öllu troðið inn á þá litlu aðstöðu sem smíðadeildin hefur. Það þarf að hafa aðstöðu sem er bæði aðgengilegri og þannig að hægt er að vera með gott skipulag þar sem ekki er gott ef starfsmenn fari að rugla saman málingu sem dæmi.

Í ár leysti ég þau málningarverkefni sem komu upp þannig að ég fékk til að Andri taka þau að sér og hann náði sér í starfsmenn úr hópnum til að hjálpa sér. Hann var á bíl og aldrei með fleiri en 3 með sér, það sýndi sig að það væri besta lausnin til að tækla málningarverkefni en þar sem Andri var í öðrum verkefnum þá gafst ekki mikill tími til að mála.



Mynd: Skemmtilegt verkefni sem kom upp og stóðs ég ekki málið að hjálpa ekki

Sérstök verkefni

Mörg aukaverkefni voru framkvæmd sem sum voru ekki skipulögð fyrir sumarið, sum þeirra komu upp með stuttum fyrirvara eða jafnvel samdægurs. Oft hringja einstaklingar eða stofnanir beint í mig og fer ég þá á staðinn og met hvort um er að ræða verkefni sem umhverfishópar gætu tekið að sér.

Heiðmörk - Gróðursetning

Mér finnst mikilvægt að verkefni umhverfishópa séu fjölbreytt og skemmtileg og að krakkarnir fái að kynnast því ótrúlega fallega víðerni sem er innan bæjarmarkanna. Því var kjörið tækifæri þegar ég fór á fund með skógræktarfélagi Reykjavíkur að ræða tilvonandi verkefni sumarsins 2022, að leggja til að við mundum fara í gróðursetningu við nýju útivistarmiðstöðina, sem þá átti að vígja eftir aðeins nokkra daga. Það var samþykkt á fundinum og stefnt var að því að hver hópur umhverfishópa mundi vinna þrjá daga og því mundi vera næstum tveggja vikna áttak á svæðinu. Þar sem umhverfishópar mundu vinna verkið sá skógræktinn um að skaffa plöntum, verkfærum og vera með stutta kennslu fyrir hvern hóp áður en hann byrjaði. Ég hafði sambandi við skátanna og sagði þeim frá verkefninu. Þeir voru mjög jákvæðir fyrir hugmyndinni og tilbúnir í að leyfa okkur að nýta þessa frábæru aðstöðu sem þeir hafa til umráða. Verkið gekk vonum framar og í heildina voru gróðursett 6733 tré á svæðinu (2747 birki, 2546 fura og 1440 greni).



Mynd: Margrét Valdimarsdóttir starfsmaður skógræktarfélagsins að fara yfir helstu handbrögð við gróðursetningu með hópunum



Mynd: Verið að stinga niður fyrir grenitré



Mynd: Starfsemenn að hjálpast að við að gróðursetja grenitré



Mynd: Umhverfishópur að vinna að gróðursetningu upp í Heiðmörk

Heiðmörk - Landgræðsla

Á sama tíma og verið var að gróðursetja upp í Heiðmörk við nýju útivistarmiðstöðina var ákveðið að nýta hópanna til þess að fara í landgræðslu á svæðinu. Eitt af þeim verkefnum sem við vildum fara í var að hjálpa könnunum að vaxa við nýja göngustíginn, sem liggur frá útivistarmiðstöðinni, yfir Gunnuvörn og fer niður að Vífisstaðavatni. Öll landgræðsluverkefni áttu það sameiginlegt að svæðin voru illa vaxin og einungis moldarflögin. Því kom upp sú hugmynd að í staðinn fyrir að nota keyptan áburða eins og blákorn, að nota ný slegið gras. Það er ekki skortur á ný slegnu grasi í Garðabæ og talaði ég við Kormák Bjarnason flokkstjóra í sláttur hóp um að í staðinn fyrir að hann losaði grasið þá mundi ég sækja það og nýta upp í Heiðmörk. Í heildina var farið með 50 kg af blákornun, 10 kg af uppgræðslublöndu og 16 sekki af ný slegnu grasi.



Mynd: illa vaxinn bakki



Mynd: Verið að dreifa grasi í bakkann




Mynd: Búið að sá grasi í bakkann

Loftmynd af vinnusvæðum þar sem umhverfishópar unnu mismunandi verkefni við nýju útivistarmiðstöðina upp í Heiðmörk.

Litirnir skilgreina eftirfarandi

- Rauður – Staðsetning nýju útivistarmiðstöðvarinnar
- Grænn – Þar sem unnin voru landgræðsluverkefni
- Blár - Svæði 1
 - Þar voru gróðursett birkitré og furutré
- Blár - Svæði 2
 - Þar voru gróðursett birkitré, furutré og grenitré



Mynd: Loftmynd af vinnusvæði við nýju útivistarmiðstöðina upp í Heiðmörk

Greni í Smalaholti

Upp kom skemmtilegt en öðruvísi verkefni í gegnum samstarf mitt við Ástu Leifsdóttur landvörð Garðabæjar. Hún hafði fengið fregnir af því og staðfest það að nálægt efra bílastæðinu í Smalaholti (ca. 200 m ganga) væri gamalt greni sem einhver hefði reist úr tveimur mörkum og trjágreinum. Annað drasl sem ekki á heima í skóginum hafði verið safnað þarna upp og lág allt í kring t.d. tréplötur, tvö dekk undan bifreið og matarumbúðir, svo einhver virtist af og til nota þetta sem greni. Áætla mætti að þetta hafði staðið þarna allavega í eitt ár þar sem greinarnar voru orðnar vel þurrar og samkvæmt því mikill eldsmatur. Umhverfishópar tóku það að sér að fjarlægja grenið og draslið þar í kring. Það var allt gert með höndunum og komið fyrir á kerru sem var svo keyrt með í burtu og losað á viðeigandi staði.



Mynd: Flokkstjóri að fjarlægja greinar úr greninu



Mynd: Grenið sem fannst áður en það var fjarlægt

Hellur Sjálundsskóla

Þetta verkefni er gott dæmi um það hversu fjölbreytt verkefni koma inn á borð umhverfishópa til að tækla og með litlum sem engum fyrirvara. Björgvin Magnússon forstöðumaður eignasjóðs hafði samband við mig um hvort umhverfishópar gætu tekið að sér að raðað hellum undir grindverk. Búið var að setja grindveg upp inn á lóð Sjóldsskóla, því leikjanámskeið var að byrja fyrir börn á svæðinu. Haldið var að auðvelt mundi vera fyrir börnin að skríða undir girðingarnar sem var ekki áætlunin með girðingunum. Hellurnar voru fluttar á svæðið með vörubíl og komu á brekkum. Það var svo labbað með hellurnar eina í einu og þeim raðað tveimur ofan á hverja aðra og fjórar alls undir, svo þær fylltu í gatið undir girðingunni. Í heildina voru þetta nokkuð hundruð hellur sem notaðar voru í verkið.



Mynd: Verið er að labba með hellur af brettum og raða undir grindverkið

Grjót hreinsa

Í lok sumarsins hafði Matthías Ólafsson yfirverkstjóri áhaldahúsins samband við mig og talaði um að honum vantaði aðstoð með nýjan göngustíg sem ný búið var að malbika. Göngustígurinn var um 200m á lengd og byrjaði fyrir ofan brekkubyggð og endaði við Karlabraut. Vandamálið var að grjót hnullungar voru báðumegin við stíginn og þar sem planið var að leggja torf alveg að stígnum þá þurfti að fjarlægja mest allt grjótið. Verkefnið hljómar eins og það hafi ekki verið skemmtilegt en með góðu og jafnframt einföldu verkskipulagi þá gekk verkefnið vel fyrir sig og í endan voru allir ánægðir með vel unnið verk. Verkið var unnið þannig að grjótinu var safnað saman í fötur og skiptust menn svo á því að tæma þær á kerru. Kerran sjálf var föst var við bíl sem keyrði eftir stígnum í takt við gang verksins. Þegar kerran fylltist var hún tæmd út á jarðvegstippi. Í staðin fyrir að tína grjótið aftur af kerrunni var notuð sú aðferð að opna afturhleran, halla svo kerrunni og hrista hana á sama tíma og henni var ýtt aftur á bak þannig að grjótið dytti úr henni.



Mynd: Verið að vinna í að fjarlægja grjótið



Mynd: Verið að losa grjótið á jarðvegstippinum

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

Sjálандshátíð

Jónsmessugleði Grósku var haldin hátíðleg í þrettánda sinn fimmtudaginn 23. Júní með þemanu „ljós og skuggar“ en hún var haldinn í fyrra eftir að henni var aflýst 2020 vegna COVID-19. Hátíðin var haldin við Strandstíginn í Sjálандshverfi og fengu verkin að standa fram til sunnudagsins 26. Júní. Umhverfishópar sáu um að koma fyrir staurum sem listamenn Grósku og gestalistamenn strengja listaverk sín á. Þeir sáu einnig um að taka þá niður, í heildina voru þetta u.þ.b. 90 staurar.



Mynd: Búið að koma upp listaverkum með því að strengja þau uppá

Framlenging flokkstjóra

Síðasti vinnudagur sjálfra umhverfishópanna var 19. júlí, það þýddi samt ekki að það væri ekki nóg af verkefnum eftir. Flokkstjórar umhverfishópa voru með samning út 4.ágúst, þeir unnu þangað til þótt nokkrir hafi fengið að hætta fyrir þann tíma. Yfirmenn vinnuskólans óskaðu eftir og fengu leyfi fyrir að fá framlengingar fyrir sína flokkstjóra, en með þeim skilyrðum að þeir kæmu yfir í umhverfishópa og væru undir mér. Vinnuskóla flokkstjórarnir byrjuðu hjá mér 02.ágúst og varði framlenging til 9. Ágúst. Var þetta því um 1 og hálf vika sem var til stefnu. Ef að átti að komast yfir öll verkefni sem ég var búinn að gera ráð fyrir að klára þurfti allt að ganga vel fyrir sig, til þess að halda vel utan um allt skipti ég verkáætluninni upp í tvo hluta.

Fyrri hluti framlengingar – Fjölbreytt verkefni

Í fyrri hlutanum hafði ég aðeins flokkstjóra umhverfishópa og var fyrsta verkefni sem þurfti að klára svo að hægt væri að einbeita sér að nýjum verkefnum að ganga frá eftir hópana. Fara þurfti yfir ákveðna hluti svo þeir væru í lagi fyrir næsta sumar. Það þurfti að telja og ganga frá verkfærum og vinnuvestum, þrifa aðstöðu og ljúka öðrum smávægilegum verkefnum. Þegar það kláraðist var farið í fyrstu almennu verkefnin. Farið var yfir ákveðin svæði og fjarlægðar ágengar tegundir eins og lúpína, njóli og kerfill. Hreinsuð voru nokkur beð þar sem arfi var aftur farinn að vaxa. Fjarlægð voru dauð tré sem voru á Álftanesi og festingar sem héldu þeim niðri. Þegar kom upp sól var dagurinn nýttur í að mála og má nefna vegg við göngubréu hjá Langafit, leiksvæði á Álftanesi og í fitjunum, Aparóla og bekkir í Sandahlíð, handrið á stiga við Búrfellsgjá o.fl. verkefni sem tekin voru. Þó nokkur tyrtingarverkefni voru tekin og má nefna svæði við undirgöngin á milli Orkunar og Garðaskóla, í bæjargarðinum, fótboltavellir í Akrahverfi og við göngubréu hjá Langafit. Seinasta sem var gert í þessum fyrrihluta var að leggja nýjan kurl stíg við Urriðavatn og bera áburð svæði sem fór ill eftir vinnuvélar þegar þær voru að gera nýjan göngustíg í kringum vatnið.



Mynd: Áður en tyrft og málað var við Langafit



Mynd: Búið að tyrfa og mála við Langafit



Mynd: Verið að mála og hreinsa vegg við Langafit



Mynd: Verið að blanda saman áburði og grasfræjum í áburðardreifara



Mynd: Verið að vinna í að labba með áburðardreifara




Mynd: Verið að dreifa áburði og grasfræjum



Mynd: Verið að labba með áburðardreifara



Mynd: Byrjað á kurlstígi



Mynd: Búið að leggja kurlstíg

Seinni hluti framlengingar – Vinnuskóli bætist við

Í seinni hlutanum bættust við flokkstjórar úr vinnuskólanum sem hentaði mér ágætlega þar sem nóg var um verkefnin. Áður en þeir mættu hafði ég haft samband við vinnuskólann og spurð fyrir um fjöldan sem ég átti von á, fékk ég þau svör að 9 höfðu sóst um að fá framlengingu. Á fyrsta degi mættu aðeins 3 af þeim 9 en bættust við 2 þegar leið á tímabilið. Stærsta verkefnið sem tekið var í seinni hlutanum var að fara í víðhald á stígnum umhverfis Vífilsstaðavatn. Til þess að við gætum farið í stærsta hlutann af stígnum á svona stuttum tíma fékk ég leigða smágröfu og sturtuvagn í verkið sem ég vann á. Þannig gat ég mokað í sturtuvagninn, keyrð með efnið í stíginn, flokkstjórnarnir dreyft úr efninu og þeir svo farið með jarðvegsþjöppu yfir efnið til að binda það betur í stíginn. Mikil áhersla var lögð á svæði sem urðu vond þegar rigndi og að gera nýjar leiðir fyrir fólk. Almar Guðmundsson bæjarstjóri kíkti á okkar þegar við vorum að vinna við vatnið, skemmtilegt er að hann sýnir verkefnum umhverfishópa áhuga. Fleiri verkefni voru tekin áður en allir hættu, helst má nefna verkefnið í Hofstaðaskóla við að færa öll húsgöng og raksturs verkefni í Bæjargarðinum, Nónhæð, Stórás, Hrónhólar, Hnoðraholt, minjagarðurinn, lóð vatnsveitunnar, Krókur og við Vífilsstaði.



Mynd: Verkstaður á malbikaða bílastæðinu vestan megin við vatnið



Mynd: Verkstaður á malarbílastæðinu norðan megin við vatnið



Mynd: Flokkstjóri að dreifa úr stígarefni



Mynd: Flokkstjóri að þjappa niður stígarefnið



Mynd: Bekkur - Fyrir



Mynd: Bekkur - Eftir



Mynd: Bæjarstjóri að heilsa uppá yfirflokkestjóra og flokkstjóra á verkstað á Vífilsstaðavatni.
Frá vinstri: Ég, Gústaf, Almar, Kristófer Leví, Arnar Jökull og Andri már

Ýmis verkefni sem ég hef komið að á einn eða annan hátt

Ágengar tegundir - kerfill, lúpína, njóli og bjarnarkló

Reynt var eftir bestu getu að halda þessum tegundum í skefjum með orfaslætti og klippingu. Hefðin hefur verið að flokkstjórar umhverfishópa hafa farið í yfirvinnu og slegið með orfi þessar tegundir en þar sem að það var stefna bæjaryfirvalda að halda yfirvinnu í lágmarki var ekki hægt að fara þá leið. Ég þurfti því að finna aðra lausn á því að halda þessum tegundum niðri. Lausnin var alls ekki eins afkastamikil og orfasláttur en hún var að senda hópa með klippur og stunguskóflur til þess að uppræta og klippa niður plönturnar. Til að nefna nokkra staði sem farið var á til að fjarlægja þessar ágengu tegundir má nefna manirnar við Ásahverfi, Vífilsstaði, Vífilsstaðavatn, Álftanes og meðfram göngustígnum hjá sjónum í Sjálandshverfi.

Bjarnarkló getur verið mjög skaðleg og myndar eiturefni þannig að safi hennar veldur bruna á hörund í sólarljósi eða í UV-geislun. Þess vegna eru verkferlarnir þeir að ef hún finnst þá þarf að vera í góðum hlífðarfatnaði og með hlífðargleraugu þegar á að fjarlægja hana. Jóhanna Kristín Jóhannsdóttir sem er garðyrkjufræðingur garðyrkjudeildar er oftast fengin til að fjarlægja bjarnarklærnar með sínum hóp þegar þær uppgötvast. Þeir staðir sem hún fannst aðallega á í ár voru við Arnarneslæk, Vífilsstaðavatn, Álftanesi, Hæðahverfi og Búðahverfi.



Mynd: Flokkstjórar að losa kerfil upp á jarðvegstípp sem búið var að stynga upp

Bekkir Sandahlíð

Í byrjun sumars hafði Krístrún Sigurðardóttir formaður skógræktarfélags Garðabæjar samband við mig og óskaði eftir því að bekkir sem félagið hafði látið gera mundu vera komið fyrir í Sandahlíð. Verkefnið var ekki auðvelt þar sem ekki var að hægt að komast á bíl á verkstaði og þurfti því að labba með bekkina og undirstöðurnar. Í heildina voru þetta þrír bekkir og var tveimur komið fyrir á Brúnarstígnum efst í Sandarhlíð (sjá skýrslu 2020) og einum á stíg sem liggur beint fyrir neðan og þverar Sandahlíðina.



Mynd: Labbað er með undirstöður fyrir einn af bekkjunum



Mynd: Margar hendur vinna létt verk



Mynd: Búið að koma einum af bekkjunum þremur fyrir í Sandahlíð

Hreiðurstæði fyrir flórgoðann á Vífilsstaðavatni

Höfundur: Ásta Leifsdóttir Landvörður í Garðabæ

Fuglalífið er fjölskrúðugt við Vífilsstaðavatn og eru flórgoðar sérstaklega velkomnir gestir. Hreiðurgerð flórgoða er sérstök því hann er eina íslenska fuglategundin sem byggir sér flothreiður. Sjálfst hreiðurefnið er vatnagróður sem flórgoðinn hleður upp í dyngju og hreiðurstaðurinn yfirleitt nálægt landi í sefgrónum grynningum, stararbreiðum eða jafnvel trjágreinum sem slúta út í vötn af bökkum. Slíkur vatnagróður finnst ekki í Vífilsstaðavatni þannig að starfsmenn garðyrkjudeildar Garðabæjar setja tilbúin hreiðurstæði úr birki- og víðigreinum út í vatnið til að hjálpa flórgoðum að koma upp hreiðri og ungum. Þetta hefur verið gert á hverju vori síðan 2014 og allt frá byrjun hafa flórgoðar þegið aðstoðina. Hreiðurstæðin á Vífilsstaðavatni gefa áhugasömum færi á að fylgjast með atferli þessa sérstaka og skemmtilega fugls nálægt landi yfir varptímann. Varptími flórgoða hefst yfirleitt í lok maí eða byrjun júní allt eftir árferðinu og þegar þeir hafa yfirgefið hreiðurstæðin síðsumars sjást oft aðrar fuglategundir eða fuglsungar nota greinarnar sem griðastað.

Í vor voru útbúin þrjú ný hreiðurstæði og þau síðan fest ofan á þau gömlu frá í fyrra. Árlega þarf að bæta nýjum greinaknippum ofan á gömul því greinarnar grotna smám saman niður. Nýju birki- og víðigreinarnar laufgast fljótlega í vatninu til prýði og veita aukið skjól fyrir veðri og vindum. Yfirleitt eru hreiðurstæðin sett út í Vífilsstaðvatn áður en varptíminn hefst 15. apríl en vegna hárrar vatnsstöðu í vor þurfti að fresta vinnunni fram til 4. maí. Forvitnir flórgoðar fylgdust náði með vinnubrögðunum og þegar verkinu var lokið fóru sumir þeirra að skoða greinarnar betur. Í sumar hafa flórgoðar legið á hreiðri í öllum þrem hreiðurstæðum, á tímabili lágu þrjú pör samtímis í einu þeirra og tvö pör í öðru. Í byrjun júní þegar vatnagróðurinn náði að yfirborði vatnsins byggðu tvö flórgoðapör sér flothreiður ofan á gróðrinum. Á Vífilsstaðavatni eru slík flothreiður mjög viðkvæm í mikilli úrkomu eða öldugangi þau sökkva, tæstast í sundur og eyðileggjast. Það var tilfellið í sumar þegar bæði flothreiðrin hurfu í miklu vonskuveðri þann 7. júlí. Sama dag eyðilögðust að auki þrjú hreiður í tveim hreiðurstæðum svo bara gróðurtægjurnar héngu eftir í greinunum. Einungis hreiðrin tvö í hreiðurstæðinu næst vesturbakkanum höfðu sloppið og þar lágu flórgoðar enn á. Tveim dögum eftir óveðrið var flórgoðapar að dytta að gróðurslitrinu í einu hreiðurstæðinu mögulega að byggja sér nýja dyngju.

Náttúrustofa Suðvesturlands vaktaði varpárangur flórgoða á Vífilsstaðavatni líkt og síðasta sumar. Þetta er liður í vöktunarverkefninu *Rannsókn á áhrifum umferðar manna á varpárangur flórgoða* sem er hluti af stærra verkefni stjórnvalda með yfirskriftina *Vöktun náttúruverndarsvæða*. Myndavél átti að vakta flórgoðahreiður í ca. 30 daga og taka mynd á 5 mínútna fresti en venjulega liggur flórgoði á í 22-25 daga. Þegar mest var voru sex hreiður vöktuð samtímis, þar af bæði flothreiðrin. Fjórar myndvélar voru fjarlægðar eftir að hreiðrin eyðilögðust í óveðrinu 7. júlí en tvær myndavélar urðu eftir og héldu áfram að vakta hreiðrin tvö í hreiðustæinu næst vesturbakkanum. Niðurstöður vöktunarinnar í sumar liggja ekki fyrir þegar þetta er skrifað.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026



Mynd 1: Nýtt hreiðurstæði, trésköft og annar útbúnaður á norðurbakkanum. (Ljósmynd: 4. maí 2022)



Mynd 2: Veðurátök eru oft mikil í Vífilsstaðavatni og því er nauðsynlegt að festa hreiðurstæðið kirfilega niður. Greinaknippið er fyrst skorðað með trésköftum sem rekin eru djúpt niður í vatnsbotninn og síðan vandlega bundið við trésköftin með garni sem þolir átökin. (Ljósmynd: 4. maí 2022)



Mynd 3: Hreiðurstæði frá í fyrra marar hálf í kafi og sumar víðigreinarar byrjaðar að laufgast. (mynd: 4. maí 2022)



Mynd 4: Búið að festa nýtt hreiðurstæði ofan á það gamla frá síðasta ári. (Ljósmynd: 4. maí 2022)



Mynd 5: Flórgoði á hreiðri nýtur skjóls í einu hreiðurstæðinu á Vífilsstaðavatni sumarið 2020 (Ljósmynd: 8. júní



Mynd 6: Á Vífilsstaðavatni er flothreiður á berangri mjög viðkvæmt í mikilli úrkomu eða öldugangi og á það til að sökkva, tæstast í sundur og eyðileggjast. (Ljósmynd: 14. júlí 2019)



Mynd 7: Náttúrustofa Suðvesturlands fylgdist með varpárangri flórigoða á Vífilstaðavatni í sumar. Þegar mest var voru sex myndavélar að vakta hreiðrin en á myndinni sjást fimm þeirra (pílur). Fjórar vélar vöktuðu hver sitt hreiður í öllum þrem hreiðurstæðum og tvær vélar vöktuðu hver sitt flothreiður. Í vonskuveðri þann 7. júlí tættust í sundur þrjú hreiður í tveim hreiðurstæðum og flothreiðrin tvö sukku. Eftir óveðrið lágu flórigoðar enn á tveim hreiðrum í sitt hvorum endanum á hreiðurstæðinu fjærst á myndinni og voru þau áfram vöktuð með myndavélum. (Ljósmynd: 17. júní 2022)



Mynd: Búið að koma einum af bekkjunum þremur fyrir í Sandahlíð

Loftmyndir

Loftmyndir af mismunandi vinnusvæðum þar sem umhverfishópar hafa starfað í sumar.

Litirnir skilgreina mismunandi verkefni

- Rauður – Viðhald stíga og stígagerð
- Grænn – heyrakstur og hirðing
- Blár – Ýmis umhirðuverkefni
 - Beðahreinsun
 - Þökulögn
 - Málningarvinna
 - Sumarblóm
 - Fjarlægja ágengar tegundir
 - o.fl.




Mynd: Loftmynd af vinnusvæðum á Álfanesi



Mynd: Loftmynd af vinnusvæðum í útmörkinni (inn á myndina vantar verkefni sem var í Smalaholti)



Mynd: Loftmynd af vinnusvæðum í Urriðaholti




Mynd: Loftmynd af Vinnusvæðum í miðbæ Garðabæjar

Tímar á verk


Til þess að gef skýrari mynd af tímanum sem fór í hvaða verk þá hélt ég bókhald um alla þá tíma sem voru unnir af umhverfishópum sumarið 2022. Hér fyrir neðan hef ég svo tekið alla tímuna saman og flokkað verkefnið niður í ákveðna flokka. Til þess að einfaldara sé að horfa á allar tölurnar setti ég þær einnig upp myndrænt í kökurit og því þægilegt að sjá hvaða verk tóku upp mestan tíma hópanna.

- Umhirða gróðurbeða 44,6%
- Heyrakstur og hirðing 15,8%
- Þökulögn 10,4%
- Uppræting ágengra tegunda 7,8%
- Sérstök verkefni 7,3%
- Gróðursetning og landgræðsla 7,1%
- Sumarblóm 4,5%
- Viðhald stíga 2,1%
- Málningarvinna 0,4%



Sama gerði ég fyrir framlengingar flokkstjóranna og eru niðurstöðurnar hérna fyrir neðan.

- Viðhald stíga 25%
- Heyrakstur og hirðing 16,7%
- Málningarvinna 16,7%
- Þökulögn 14,6%
- Áburður 8,3%
- Umhirða gróðurbeða 7,8%
- Uppræting ágengra tegunda 6,8%
- Sérstök verkefni 4,2%



Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026

Framtíðarsýn sumarstarfa

Þátttaka ungra Garðbæinga í sumarvinnu hjá bænum gefur þeim góða og gagnlega innsýn í hvað bærinn þeirra hefur margt upp á að bjóða. Þau hafa tekið þátt í uppbyggingu svæða, umhirðu opinna svæða, áttað sig á útbreiðslu ágengra tegunda í flóru bæjarlandsins, fylgst með fuglalífi í friðlandi Vífilsstaðavatns og ekki síst kynnst víðerni bæjarlandsins.

Ég vil sjá áfram gott samstarf milli garðyrkjudeildar og umhverfishópa. Samskipti við alla er á besta máta og samstarfið við sláttuhópa er gott. Áfram mætti samt bæta í samstarfið við Jóhönnu garðyrkjufræðing garðyrkjudeildar varðandi gróðursetninga á sumarblómum fyrir umhverfishópa og er ég bjartsýnn á að svo verði á næsta ári.

Gott samstarf við skóræktarfélag Reykjavíkur þetta sumarið verður vonandi ræktað áfram á næsta ári með fleiri sameiginlegum verkefnum sem umhverfishópar taka þátt í. Það er draumur minn að umhverfishópar munu á næsta sumri leggja meiri áherslu á útmörkina og fá fleiri verkefni til að sinna þar. Ég tel að með betra skipulagi og vilja þá ætti vinnuskólinn að geta séð alfarið um öll beð bæjarins. Umhverfishópar gætu því einbeitt sér að því að sinna útmörkinn. Ekki veitir að auknu viðhaldi og byggingu innviða ef horft er til þeirrar miklu aukningu í aðsókn á svæðin, bæði af Garðbæingum og öðrum. Ég tel að nú þegar sé hægt og þurfi að gera betur áður en ákveðin atriði verða af vandamálum. Vonandi erum við öll sammála um það að við viljum varðveita fallegu svæðin okkar innan garðabæjar og að það sé gegnið um þau þannig að komandi kynslóðir geti líka notið þeirra.

Miklar framfærir voru í samskiptun við vinnuskólann þetta sumarið. Ég lét þau hafa fullt af verkefnum til að sjá um í sumar og voru þau mjög dugleg að heyra í mér þegar einhvað kom upp. Ennþá er samt mikið rúm fyrir umbætur og þá þá sérstaklega varðandi skipulag og stjórnunarhætti innan vinnuskólans.

Til að verkefni gangi hratt og örugglega fyrir sig er mikilvægt að umhverfishópar hafi aðgang að minnsta kosti tveimur bílum. Vinnuhópar eru oftast dreifðir um allan bæinn og einnig er nóg af verkefnum sem umhverfishópar gætu tekið að sér ef þeir væru færanlegri. Það mætti einnig fara að skoða að finna nýja aðstöðu fyrir umhverfishópana þar sem rökstuðningur er fyrir því að öll málningarverkefni verði færð yfir á umhverfishópana. Til þess að það gangi upp þarf betri aðstöðu svo hægt sé að sinna því sómasamlega. Margar aðrar rökstæður er hægt að telja upp en ég tel að þetta sé ekki staðurinn fyrir það. Ég vill trúa því að stjórnendum innan Garðabæjar tækli þessi mál og er ég búinn að gera þeim hugmyndir mínar skýrar.

Það er mikilvægt að yfirflokkstjóri fái áfram sumarstarfsfólk og það aðstoðarfólk sem hann þarf til að sinna verkefnum á náttúru- og útivistasvæðum í bæjarlandinu, enda nauðsynlegt að halda áfram umhirðu á svæðum ofan byggðar sem fjallað er um hér í skýrslunni.

Sumarvinna unga fólksins gefur þeim nýja sýn á bæinn sinn. Verkefnin sem umhverfishóparnir unnu nýliðið sumar voru mörg og fjölbreytt og eiga það sameiginlegt að vera mannaflafrek, ungmennin hafa vonandi lært eitthvað af og taka með sér lærdóm og verkvit sem þau geta nýtt sér í framtíðinni.

Fyrir hönd umhverfishópa vill ég þakka gott samstarf við Smára Guðmundsson garðyrkjustjóra, Lindu Jóhannsdóttur verkefnastjóra garðyrkjudeildar, Ástu Leifsdóttur landvörð, Jóhönnu Kristínu Jóhannsdóttur garðyrkjufræðing, Sigurð Hafliðason forstöðumann áhaldahúss, Guðbjörgu Brá Gísladóttur deildarstjóra umhverfis og framkvæmda, Kormák Bjarnason flokkstjóra í slátttri, Söru Margréti Emilsdóttur kjarafulltrúa, Þórdísi Ólöfu Jónsdóttur kjarafulltrúa, Hauk Stein Helgason kjarafulltrúa, Auður Kjartansdóttir Framkvæmdrarstjóri, Gústaf Jarl Viðarsson Skógræðingur, Margrét Valdimarsdóttir Viðburðarstjóri, Þorlák Ásmundsson rútubílstjóra, Gunnar Hrafn Gunnarsson Forvarna- og tómstundafulltrúi, Emmu Ljósbrá Friðriksdóttur yfirflokkstjóra vinnuskólans, Tómas Þórð Hilmarsson yfirflokkstjóra vinnuskólans og annað starfsfólk þjónustumiðstöðvarinnar og Garðabæjar.

Þá bera að þakka sérstaklega flokkstjórum umhverfishópa og öllum þeim ungmennum sem störfuðu hjá umhverfishópum Garðabæjar í sumar fyrir þeirra framlag að snyrta og fegra bæinn.



Brynjar Snær Arnarsson

Yfirflokkstjóri umhverfishópa